

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840Laugarvatn

Reykjavík 6. október 2020  
UST202009-108/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Breiðanes – Skeiða- og Gnúpverjahreppur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 9. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Breiðanes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið tekur til spildunar Breiðanes sem er 46,8 ha að stærð og eru tveir byggingareitir skilgreindir á svæðinu. Á reit A er gert ráð fyrir íbúðarhúsi, bílskúr, tveimur gestahúsum, inntaks- og tengihús og sorpgeymslu og er heildar byggingamagn allt að 800 m<sup>2</sup> á reitnum. Á reit B er gert ráð fyrir skemmu, gróðurhúsi og hesthúsi/ reiðhöll þar sem heildar byggingarmagn reitsins er allt að 2.000 m<sup>2</sup>.

#### **Votlendi**

Í greinargerð kemur fram að austan til á svæðinu er votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 og ekki er fyrirhugað að raska því svæði.

Umhverfisstofnun bendir á að aðkomuvegur frá Skálholtsvegi liggur yfir votlendi sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið við aðkomuvegin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um

náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisaðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufríbærni sem verða fyrir röskun.

### **Gróður og ásýnd**

Í greinargerð kemur fram að skjólbelti og tjálinur setja svip sinn á aðkomu að húsum og vegum í nágrenninu og er því eðlilegt að svo verði einnig meðfram vegum og til afmörkunar á einstökum svæðum á skipulagssvæðinu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Að mati Umhverfisstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála deiliskipulagsins og framkvæmdaleyfisins.

### **Skógrækt og ásýnd**

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að skógræktarsvæðið falli vel að landslaginu en í 70. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands og raski ekki náttúru- og menningarminjum. Við gerð áætlana, mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu umsókna vegna leyfisskyldrar ræktunar skal taka afstöðu til þessara atriða.*“

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að huga að sjónrænum áhrifum skógræktar, þannig ekki vaxi upp ferningslaga ræktunarsvæði heldur verði fylgt formum landlags eins og kostur er og tekið tillit til sérkenna landslags á hverjum stað. Til að unnt verði að ná þessum markmiðum ætti að hanna skógrækt.

### **Ásýnd og rask**

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á öröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir:  
*„Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“*



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur